

Verzlunarskóli Íslands
Ingi Ólafsson, skólastjóri
Ofanleiti 1
103 Reykjavík

Kópavogi, 17.05.2019

Vísað er til umsóknar dagsett 12. mars 2019, þar sem sótt er um viðurkenningu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi.

Samkvæmt III. kafla laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008 getur mennta- og menningarmálaráðherra veitt skólum, öðrum en opinberum framhaldsskólum, viðurkenningu til kennslu á framhaldsskólastigi. Í slíkri viðurkenningu felst staðfesting á því að starfsemi skóla uppfylli, á þeim tíma sem viðurkenningin er veitt, almenn skilyrði laganna og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Reglugerð um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi nr. 426/2010 var sett 11. maí 2010.

Viðurkenning felur hvorki í sér vilyrði um framlög né fjárskuldbindingu af hálfu ríkissjóðs. Hún veitir nemendum skólans ekki sjálfkrafa rétt til fyrirgreiðslu úr Lánasjóði Íslenskra námsmanna. Skólinn ber sjálfur alla ábyrgð á eigin skuldbindingum og starfsemi.

Skólanum ber, skv. 3. grein reglugerðar um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi, nr. 426/2010, að senda Menntamálastofnun árlega skýrslu um starfsemina og veita henni allar umbeðnar upplýsingar um rekstur og starfsemi þegar þess er óskað. Um skóla- og kennarafundi skal fara samkvæmt ákvæðum 9. og 10. gr. laga um framhaldsskóla. Skólinn skal hafa frumkvæði að því að upplýsa Menntamálastofnun án tafar um breytingar sem kunna að verða á starfsemi eða aðstöðu hans sem viðurkenning þessi byggir á. Uppfylli skólinn ekki lengur skilyrði laga, nr. 92/2008, um framhaldsskóla eða fyrirmæli sett samkvæmt þeim, getur ráðherra afturkallað viðurkenninguna. Ósk um endurnýjun viðurkenningar þessarar þarf að berast Menntamálastofnun ásamt fullnægjandi gögnum a.m.k. þremur mánuðum áður en hún rennur út.

Menntamálastofnun hefur metið skólanámskrá og önnur framlögð gögn um starfsemi Verzlunarskóla Íslands. Gögnin voru borin saman við lög um framhaldsskóla, reglugerð um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi og almennan hluta aðalnámskrár framhaldsskóla. Meðal atriða sem metin eru sérstaklega eru rekstrarform, markmið náms og markhópur nemenda, skólanámskrá (með hliðsjón af starfsháttum, skipulagi náms, inntökuskilyrðum, réttindum og skyldum nemenda o.fl.), námsbrautarlýsingar, staðfesting á fjárhagslegri ábyrgð og rekstraröryggi, menntun og kjör starfsfólks og starfsaðstaða.

Á grundvelli þess sem að framan greinir veitir Menntamálastofnun hér með Verzlunarskóla Íslands kt. 690269-1399, viðurkenningu til kennslu á framhaldsskólastigi til þriggja ára frá dagsetningu þessa bréfs. Viðurkenningin grundvallast á skólanámskrá Verzlunarskóla Íslands, og tekur til kennslu námsbrauta með námslok: 6 - Bóknámsbrautir til stúdentsprófs (þriðja þrep).